




HITAVEITA
SUÐURNESJA HF

Öryggishandbók





HITAVEITA
SUÐURNESJA HF

Öryggishandbók

*„Góð samvinna í öllum verkum,
heiðarleiki, hreinskilni og öfgalaus
umræða um vandamál á vinnustað
stuðla að betra vinnuumhverfi,
meiri vellíðan og minni slyshættu.“*





Efnisyfirlit:

Markmið með útgáfu öryggishandbókar	4
Starfsemi Öryggisnefndar	6
Almennar leiðbeiningar og kröfur.....	6
Vinna við rafmagnsbúnað	8
Vinna við heitt eða kalt vatn	10
Framleiðsla.....	10
Birgðargeymslur	11
Verkstæði og tækjageymsla, Njarðvík.....	12
Almennt viðhald.....	12
Almenn vinnuvistfræði.....	12
Húsnæði HS- viðbrögð við eldsvoða.....	13
Viðbrögð við náttúruvá	13
Bifreiðar HS.....	14
Fjarskipti HS.....	14
Áhættumat	15



1. MARKMIÐ MEÐ ÚTGÁFU ÖRYGGISHANDBÓKAR

Öryggishandbókin gerir sérhverjum starfsmanni skylt að gera sér glögga grein fyrir eigin skyldum samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi starfsmanna, reglum þeim fylgjandi og öðrum viðeigandi reglum og afleiðingunum vanræki þeir þær.

Öryggismál Hitaveitu Suðurnesja hf. (HS) eru í höndum öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna. Þeir skulu koma með athugasemdir um það sem tengist aðbúnaði, hollustu og öryggi starfsmanna og afhenda þeim sem ber ábyrgðina málefnið til úrlausnar. Fyrirmælum á þessu sviði ber því að fylgja. Dagleg stjórnun öryggis-, heilbrigðis og umhverfismála (ÖHU) er í höndum ÖHU – stjóra. Forstjóri ber endanlega ábyrgð á öryggismálum starfsmanna HS. Nöfn þeirra er starfa í örygginefnd fyrirtækisins er hægt að nálgast á S:/oryggisnefnd/Öryggisverðir og -trúnaðarmenn HS.

Öllum starfsmönnum ber skylda til að kynna sér og þekkja ábyrgð sína, þær ráðstafanir, sem gera þarf til að tryggja öryggi í starfi og leggja sitt af mörkum til að tryggja framgang öryggismála innan fyrirtækisins. Ítarefni sem tengjast öryggismálum í fyrirtækinu geta starfsmenn nálgast á heimasíðu Vinnueftirlitsins www.vinnueftirlit.is og á heimasíðu Neytendastofu www.neytendastofa.is.

Stefna í öryggismálum

Vinnustaður án slysa

- Birta skal árlega og með skipulögðum hætti tölulegar upplýsingar um slysatíðni þar sem fram kemur hve langt er frá síðasta slysi og hvers eðlis slysið var. Tilkynningin á að minna starfsmenn stöðugt á gildi öryggis í starfi og hvetja þá til að sýna aðgæslu.

Virkja öryggistilfinningu starfsmanna

- Gera skal starfsmönnum reglulega glögga grein fyrir því að hverju öryggisnefndin vinnur hverju sinni.
- Tryggja að tillögur um úrbætur í öryggismálum, sem starfsmenn leggja fram, sé sinnt og þeim sé gerð grein fyrir úrbótum.
- Kynna fyrir starfsmönnum að umgengni við vélar og annan búnað er ætíð hættuleg, sé fyllsta öryggis ekki gætt.
- Gera starfsmenn ábyrgari um eigið öryggi.

Þjálfa starfsmenn í að bregðast rétt við margbreytilegum atvikum sem upp geta komið

- Halda reglulega námskeið um öryggismál fyrir starfsmenn og stjórnendur.

HS noti eingöngu öruggan búnað sem er aðgengilegur og ávallt í fullkomnu lagi

- Það er eindregin krafa HS að farið sé að þeim öryggisreglum sem eru í gildi hverju sinni.
- Biluð eða skemmd verkfæri eða búnaður skal tilkynna til verkstjóra.
- Einungis skal nota öryggisbúnað, svo sem sýnileikafatnað, hjálma, fallvarnarbúnað, linur o.fl., sem viðurkenndur er af Vinnueftirliti ríkisins. Þennan búnað skal yfirfara reglulega samkvæmt tæknilýsingu hans og starfsmenn þjálfaðir í notkun hans.
- Réttur fjöldi slökkvitækja af réttri gerð skal vera fyrir hendi á vinnustaðnum, augljóslega merkt og aðgengileg.
- Sjúkrakassar skulu ávallt vera aðgengilegir starfsmönnum á vinnustað og þeir yfirfarnir reglulega.

Fara eftir opinberum lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað

- Efni, sem tengist aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustað skal ávallt vera öllum starfsmönnum aðgengilegt.

Stefna í þjálfun og kennslu starfsmanna

Allir starfsmenn skulu fá leiðbeiningar hvað varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað að því marki sem öryggisnefnd HS telur nauðsynlegt til að viðkomandi starfsmaður geti framkvæmt verk sitt á öruggan hátt.

Kennsla og þjálfun starfsmanna um þætti sem snerta aðbúnað, hollustuhætti og öryggismál á vinnustað skal samanstanda af eftirfarandi:

1. Sérhverjum starfsmanni verða kynntar öryggisreglur á vinnustað, honum kynnt öryggishandbók HS og gert að tileinka sér hana.
2. Auka skal ábyrgðartilfinningu starfsmanna gagnvart mannvirkjum, tækjum og öðrum starfsmönnum.
3. Starfsmönnum skal gerð grein fyrir mikilvægi að tilkynna öll slys, óhöpp og næstum-því-slys.
4. Á tveggja til fjögurra ára fresti skal haldið námskeið í skyndihjálp.
5. Fá skal reglulega (á þriggja ára fresti) sérfræðing til að leiðbeina og kenna meðferð slökkvitækja, og halda verklegar æfingar fyrir alla starfsmenn.
6. Starfsmenn þurfa að kunna skil á almennum hættum á vinnustað og þekkja þau viðbrögð sem ber að viðhafa í hverju tilviki



Öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir HS skulu hljóta reglulega þjálfun, svo þeir geti rækt hlutverk sitt af öryggi og fagmennsku.



2. STARFSEMI ÖRYGGISNEFNDAR

Öryggisnefnd HS

Í öryggisnefnd HS starfa öryggistrúnaðarmenn sem eru fulltrúar starfsmanna og öryggisverðir sem skipaðir eru fyrir hönd atvinnurekanda

Hlutverk öryggisnefndar HS er að:

- Fræða starfsmenn reglulega og gera þeim glögga grein fyrir gildi góðs aðbúnaðar, hollustuhátta og öryggis í starfi.
- Mæla og meta áhættuþætti starfa eða sjá til að það verði gert og útbúa vinnureglur og gátlista það skv. reglugerð nr 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

Hlutverk og skyldur öryggisvarða, öryggistrúnaðarmanna, starfsmanna og verktaka

Öryggisvörður - öryggistrúnaðarmaður

Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður eiga í sameiningu að fylgjast með að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög og reglur og að fylgt sé fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins og annarra opinberra aðila.

Öryggistrúnaðarmönnum, öryggisvörðum og öðrum fulltrúum í öryggisnefnd er óheimilt að láta öðrum í té upplýsingar, sem þeir fá vegna trúnaðarstarfa sinna nema með samþykki hlutaðeigandi aðila þegar nauðsynlegt er talið til að vara starfsmenn og stjórnendur við slysa- eða sjúkdómshættu.

Skyldur starfsmanna

Starfsmenn skulu tilkynna sem allra fyrst öll slys, næstum-því-slys og óhöpp, sama hversu ómerkileg sem þau virðast til ÖHU - stjóra.

Starfsmönnum er skylt að fylgja öryggisreglum hvort sem þær eru settar af fyrirtækinu, opinberum eftirlitsstofnunum eða ráðuneytum.

Skyldur verktaka

Samkvæmt 28. grein laga nr. 46/1980 ber verktökum, er vinna á svæði HS, að fara eftir þeim öryggisreglum sem fyrirtækið setur. Verktökum er skylt að kynna starfsmönnum sínum öryggisreglur HS og sjá til þess að farið sé eftir þeim.

Tilkynning og skráning slysa

Skylt er að skrá öll vinnuslys sem verða á athafnasvæðum HS.

Neyðarsímanúmer 112

Hvert skal tilkynna?

Alvarleg slys skal tilkynna samstundis til Neyðarlínu 112. Rafmagnsslys skal tilkynna samstundis til Neytendastofu. Verkstjóri skal tryggja að ÖHU - stjóri fái vitneskju um minni háttar slys, næstum - því - slys og alvarleg slys.



3. ALMENNAR LEIÐBEININGAR OG KRÖFUR

Almenn atriði

Öll vinna við búnað HS skal ávallt vera vel skipulögð og undir eftirliti þeirrar deildar sem við á hverju sinni. Við upphaf framkvæmda skal tryggja að boðleiðir séu skýrar og virkar svo tryggja megi öryggi við framkvæmd verka. Öll vinna í kringum krana, jarðvinnuvélar og önnur tæki krefst ýtrustu varúðar. Nýir starfsmenn skulu alla jafna ekki vinna varasöm verk einir við heitt vatn og rafmagn án undangenginnar þjálfunar.

Nota ber viðvörðunarskilti við framkvæmdir skv. kröfum Vinnueftirlitsins, lögreglu og viðeigandi aðila sbr. Vegagerð ríkisins.

Góður undirbúningur, vönduð vinnubrögð, samvinna í öllum verkum, heiðarleiki, hreinskilin og ófgalaus umræða um vandamál, sem upp kunna að koma á vinnustað stuðla að betra vinnuumhverfi, aukinni velliðan og minni slyshættu.

Reglur HS um persónuhlífar

Þegar starfsmaður hefur störf hjá HS, fær hann afhent, sér að kostnaðarlausu og eftir því sem við á hverju

sinni sýnileikafatnað, eldtefjandi fatnað, hjálm, hlífðargleraugu, öryggisskó, hanska og annan viðeigandi öryggisbúnað.

Sérbúnaður sem notaður er við sérstakar aðstæður afhendist eftir þörfum. Honum skal skilað aftur strax að lokinni notkun. Hafi öryggisbúnaðurinn bilað eða látið á sjá af einhverjum orsökum ber að tilkynna það verkstjóra, svo lagfæra megi eða endurnýja búnaðinn.

Sýnileikafatnað

Það er skylda að nota sýnileikafatnað (sjá staðal EN 471) við öll störf utanhúss er tengjast nýframkvæmdum, viðhaldi og eftirliti einnig skal nota sýnileikafatnað innanhús á byggingasvæðum.

Öryggisskór

Það er skylda að nota öryggisskó (EN 345) við öll störf utanhúss er tengjast nýframkvæmdum, viðhaldi og eftirliti einnig skal nota öryggisskó innanhús á verkstæðum og við eftirlit á búnaði HS.

Hjálmar

Það er skylda að nota hjálm við öll störf og verklegar framkvæmdir hjá HS, undantekning er á skrifstofu, mötuneyti, stjórnstöð, afmörkuðum svæðum í birgðageymslu og sambærilegum stöðum.

Hanskar

Við störf þar sem höndunum er veruleg hættu búin (raflost, bruni, skurður o.s.frv.) skal nota viðurkennda hanska sem henta verkinu.

Aðrar persónuhlífar

Nota skal aðrar hlífar þegar unnið er með vélar og tæki sem geta gefið frá sér efnisagnir og flisar og skal þess gætt að réttar hlífar séu notaðar hverju sinni. Heyrnarhlífar skal nota þar sem hávaði er yfir 85 db (A).



Hitaveitan gerir sérstakar kröfur til starfsmanna um rétta meðferð og notkun persónuhlífa þegar unnið er með skaðleg efni, vegna þeirra áhrifa sem þau hafa á heilsu manna sé ranglega með þau farið. Starfsmönnum er gert skylt að kynna sér af gaumgæfni öryggisleiðbeiningar þegar notuð eru ætandi efni, leysiefni, rokgjörn efni svo og önnur efni. Einnig þurfa þeir að kynna sér lög og reglur þessu viðkomandi. Við notkun eldfimra efna þarf að gæta fyllstu varúðar og öryggis. Við förgun efna og geymslu verður að fara eftir viðeigandi reglum.

Góð umgengni um vinnustaðinn, tæki og tól ásamt hreinlæti við vinnu eru mjög mikilvægir þættir til að koma í veg fyrir slys og óhöpp.

Vinnuvélar

Stjórnendur vinnuvéla skulu hafa tilskilin réttindi frá Vinnueftirliti ríkisins. Vinnuvélar og vinnuvélabúnaður skal skoðaður reglulega af Vinnueftirliti ríkisins.

Flutningur farþega í vinnuvélum er bannaður nema að þær séu til þess gerðar.

Ekki má lyfta mönnum upp með lyftara/dráttarvél/hlaupakött nema í þar til gerðum lyftikörfum sem hlotið hafa viðurkenningu frá Vinnueftirliti ríkisins.

Lyftibúnaður

Þeim starfsmönnum sem við á skal veitt kennsla í meðferð lyftibúnaðar. Aðeins skal nota löggiltan lyftibúnað (krana, taliur, stroffur og því um líkt). Aldrei skal skilja eftir hangandi byrði, þegar farið er frá lyftibúnaði. Lyftibúnaður skal merktur með hámarkslyftigetum.

Viðurlög við brotum á öryggis- og starfsreglum

Ef starfsmaður verður uppvís að því að brjóta öryggis- og starfsreglur HS varðar það brottrekstrarsök að undangegnum þremur skriflegum áminningum. Ef um alvarlegt brot er að ræða getur það leit til fyrirvaralaus brottreksturs úr starfi.

Eftirfylgni um notkun öryggisbúnaðar er í höndum yfirmanna, öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna en einnig verða teknar stikkprufu á notkun öryggisbúnaðar af utanaðkomandi aðila.



4. VINNA VIÐ RAFMAGNSBÚNAÐ

Starfsmenn skulu nota þann öryggisbúnað er HS fer fram á skv. kafla 3 – Reglur um persónuhlífar. Starfsmenn sem vinna við rafmagn eiga alltaf að vera með hjálm viðurkenndan fyrir rafmagnsvinnu. Það er algjört skilyrði að ávallt skuli vera tveir menn að vinna við háspennurafbúnað og starfsmenn skulu ætíð gæta ýtrustu varúðar.

Orsökum rafmagnsslysa má skipta í tvennt *ljósbogaskammhlaup* (snerting spennuhafandi hluta í háspennuvirkjum) og *snerting og straumur fer í gegnum líkaman*.

Alvarlegustu slysin verða þegar straumur fer í gegnum líkaman sem getur meðal annars orsakað hjartalömun, vöðvakrampa og bruna.

Háspennuvirki

Húsnæði raforkuvirkja má alls ekki nota til annars en þess sem beint tilheyrir rekstrinum. Í stjórnrymum raforkuvirkja með 1 kV málsþennu eða hærrí skal vera eftirfarandi:

1. Leiðbeiningar "um skyndihjálpi við slys af völdum rafmagns".
2. Einlínuynd af virkinu.

Öll vinna í háspennuvirki eða nálægt því skal framkvæmd undir stjórn verkstjórnanda sem tilnefndur er



skriflega af ábyrgðarmanni rafveitunnar.

Rof eða tengingar skulu framkvæmdar undir stjórn rofastjóra sem einnig er tilnefndur af ábyrgðarmanni. Sami maður getur verið bæði verkstjóri og rofastjóri.

Áður en vinna hefst

Í rekstrarhandbók HS eru verklagsreglur og vinnulýsingar sem ber að fara eftir þegar unnið er við háspennuvirki.

Við alla vinnu á háspennu- og lágspennu rafbúnaði skal hafa í huga öryggisreglurnar fimm.

Áður en vinna hefst skal.:

1. FULLRJÚFA
2. TRYGGJA GEGN INNSETNINGU
3. SANNREYNA SPENNULEYSI
4. JARÐTENGJA OG SKAMMHLEYPA
5. HYLJA EÐA GIRÐA AF NÁLÆGA SPENNUHAFU HLUTI



Sé unnið við rofað eða leiðarar teknir í sundur meðan unnið er skal jarðtengja og skammhleypa beggja megin við rofaðinn áður en skilið er í sundur.

Varúðarráðstafanir, sem gerðar voru áður en vinna hófst, má ekki afnema fyrir en verkstjórmaði hefur tilkynnt sérhverjum starfsmanni að þær verði gerðar óvirkar og að kerfið skuli þar með skoðast spennuhafa.

Aðeins verkstjórmaði má tilkynna að setja megi spennu á en þó ekki fyrir en hann hefur sjálfur fullvissað sig um það á vinnustaðnum að það sé óhætt.

Aðgerðir undir spennu (AUS), háspenna

AUS – vinna er ekki leyfð nema ábyrgðamaður HS gefi til þess sérstaka heimild og falið starfsmanninum að stjórna eða framkvæma slíka vinnu.

Loftlínur

Vinna í staurum hjá HS fer fram úr körfubílum, en þó eru örfáir staurar á athafnasvæðinu sem klifnir eru í stauraskóm. Við slíka vinnu verður að nota stauraskó, staurabelti með lífól og öryggishjál. Stauraskó þarf reglulega að láta yfirfara af Vinnueftirlitinu eða Iðntæknistofnun svo þeir séu öruggir og einnig þarf staurabeltið að vera viðurkennt af Vinnueftirliti ríkisins eins og aðrar persónuhlífar. Skemmdum og slitnum öryggisbúnaði skal tafarlaust skipt út.

Notkun háspennurofa

Í Orðsendingu 1/84, frá Rafmagnseftirliti ríkisins, Rekstur, eftirlit og viðhald raforkuvirkja, eru settar reglur um rekstur háspennuvirkja.

Óhöpp geta m.a. orðið ef:

- Rangur rofi er tekinn út.
- Venjulegur skilrofi er settur inn með álagi eða tekinn út undir álagi.
- Rangur rofi er settur inn.
- Ekki er tilkynnt um breytingar á línurofum.
- Rekstrarmönnum og vaktmönnum er ekki tilkynnt um breytingar, sem gerðar hafa verið á kerfinu.

Götuljós

Nýir starfsmenn skulu fá þjálfun hjá reyndum starfsmönnum sem réttindi hafa til kennslu á körfukrana. Starfsmenn sem vinna í körfukrónum skulu nota öryggishjál.

Óheimilt er að lyfta körfu nema það sé gert í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Þegar unnið er í og við götur þar sem umferð er skal gæta ýtrustu varúðar, nota gul viðvörunarljós og umferðarmerki til ábendingar um vinnu- og hættusvæði.

Jarðstrengir

Ávallt skal gæta ýtrustu varúðar við vinnu nálægt jarðstrengjum. Sérstaklega á þetta við um strengi sem hafa orðið fyrir skemmdum eða eru í sundur. Við slíkar aðstæður skulu starfsmenn tryggja að þessir strengir séu spennulausir og jarðbundnir.

Spennuleysi jarðstrengja skal prófa með skammhlaupsbyssu.

5. VINNA VIÐ HEITT EÐA KALT VATN

Starfsmenn skulu leitast við að vera ekki einir þegar unnið er við heita vatnskerfi undir þrýstingi. Skyld er að mæla loftgæði í lokuðum rýmum áður en vinna hefst. Starfsmenn skulu nota þann öryggisbúnað er HS fer fram á skv. kafla 3 – Reglur um persónuhlífar.

Brunnar - Stokkar

Gæta verður ýtrustu varkárni í umgengni við heitt vatn og lagnir (mikilvægt í brunnum). Við eftirlit og vinnu í brunnum og stokkum skulu starfsmenn vera með öryggisbelti og öryggishjálms og vakt yfir þeim sem fer inn í hið lokaða rými.

Miðlunargeymar

Ganga verður úr skugga um að tankur sé tómur og lagnir að og frá séu lokaðar og sannreyna að gufuteppisbúnaður tanksins sé aftengdur áður en hann er opnaður. Opna skal tankinn fyrst að ofan og síðan að neðan. Tankar skulu vera vel loftræstir áður en vinna hefst inn í þeim. Öryggisbelti með líflínu skal nota ef unnið er uppi á þeim eða í rjáfrí þeirra. Sérstök aðgæsla skal höfð við vinnu við búnað gufuteppa uppi á geymum. Bannað er að fara upp á geyma í bleytu, isingu eða ef veður er mjög vont.

**Aðveituæðar – Dreifikerfi**

Þegar unnið er við aðveituæðar eða dreifikerfið skal gengið úr skugga um að lokað sé fyrir lagnir og þær séu þrýstingslausar áður en vinna hefst. Setja skal spjöld á loka í brunnum sem á stendur "Lokað vegna viðgerða – Hitaveita Suðurnesja". Ávallt skal unnið í samráði við viðkomandi stjórnstöðvar þegar unnið er við aðveitu- og stofnæðar.

Hemla- og mælagrindur

Vinna við hemla- og mælagrindur krefst aðgætni vegna mismunandi aðstæðna á vettvangi og ýtrustu varúðar skal gætt í umgengni við heitt vatn.

Dælustöðvar

Vinna við búnað í dælustöðvum hjá HS skal ávallt vera vel skipulögð og undir eftirliti viðkomandi viðhaldsdeildar HS. Framkvæmdin verður að vera með fullri vitneskju og samþykki frá stjórnstöð.

Aðeins þeir starfsmenn HS, er eiga erindi og hafa þekkingu á búnaði dælustöðva, kunna skil á hættum á vinnustað og þekkja þær varúðaráðstafanir sem ber að viðhafa, skulu umgangast búnað dælustöðva HS.

Sérstök aðgæsla skal viðhöfð við opnun lagnakerfis þ.e.a.s. ganga skal úr skugga um að kerfið sé þrýstingslaust og vel tæmt. Þá skal prófa reglulega virkni kælibúnaðar „sturta“ fyrir starfsmenn.

Við upptekt dælubúnaðar og gufuketils skal ganga úr skugga um, að búið sé að rjúfa straum að tæki og merkja rofa með viðeigandi aðvör. Ávallt skal unnið í samráði við viðkomandi stjórnstöð þegar unnið er við dælustöðvar.

6. FRAMLEIÐSLA

Starfsmenn skulu nota þann öryggisbúnað er HS fer fram á skv. kafla 3 – Reglur um persónuhlífar. Gestum skal úthlutað einnota eyrnatöppum eða heymarhlífum sem þeir skila að lokinni heimsókn.





Verkstæði

Nota skal hlífðargleraugu þar sem við á við vinnu og viðhald búnaðar skv. áhættumati.

Orkuver

Bannað er að hreyfa við lokum og öðrum búnaði án þess að hafa samráð við stjórnstöð. Gæta skal sérstakrar varúðar við vinnu nálægt hita- og þrýstiskynjurum og öðrum mælibúnaði. Einnig þurfa menn að gæta þess að neistar frá rafsuðu o.þ.h. skemmi ekki rafmagnskapla eða aðrar lagdir.

Skiljustöðvar og turnar

Ekki má opna mannop nema öruggt sé að viðkomandi kítur sé þrýstingslaus, fyrst skal opna og hreinsa tæmingar. Við vinnu inni í skiljum skulu vera 2 menn, vakt skal vera yfir þeim sem fara inn. Skilja skal loftræst og loftgæði könnuð áður en menn fara inn í hana.



Borholukjallarar

Við viðhaldsvinnu í borholukjöllurum skulu alltaf vera 2 menn eða fleiri, vakt skal vera yfir þeim sem fara inn. Menn við vinnu í holukjöllurum skulu hafa viðeigandi fjarskiptabúnað. Skylda er að hafa heymarhlifar þegar borholum er hleypt í blástur. Skylt er að útvega gestum við upphleypingu einnota eyrnatappa og hjálm.

Eftirlit úti í hrauni og vinna við kaldavatnsmannvirki

Menn skulu ætíð vera með viðeigandi fjarskiptabúnað þegar unnið er úti í hrauni og láta reglulega vita um ferðir sínar.

7. BIRGÐAGEYMSLUR

Starfsmenn skulu nota þann öryggisbúnað er HS fer fram á skv. kafla 3 – Reglur um persónuhlifur.

Almenn umgengi í birgðageymslum HS

- Gott skipulag verður að vera á öllum hlutum, bæði úti og inni.
- Ganga verður þannig frá strengkeflum og öðrum þyngri hlutum að þau geti ekki rúllað eða færst til.
- Nota verður öryggisólur og/eða keðjur til að binda niður það sem flutt er.
- Hleðsluhlið á geymsluoftum skulu ávallt vera lokuð



- og laus handrið á sínum stað.
- Leysiefni, eldfim og rokkgjörn efni skulu geymd þar sem auðvelt er að loftræsta og ekki hætta á að efnin komist í niðurfall.
- Aðgangur óviðkomandi fólks hindraður.

8. VERKSTÆÐI OG TÆKJAGEYMSLA

Starfsmenn skulu nota þann öryggisbúnað er HS fer fram á skv. kafla 3 – Reglur um persónuhlífar. Nota skal hlífðargleraugu þar sem við á við vinnu og viðhald búnaðar skv. áhættumati. Þegar unnið er með rafsuðu eða logskurð skal ávallt nota andlitshlífar og sugu við verkið einnig skal leitast við að skerma svæðið af. Við notkun á hinum ýmsu tækjum og tólum skal tryggja að rétt sé gengið frá þeim og þau sett á sína afmörkuðu staði eftir notkun.

9. ALMENNT VIÐHALD

Starfsmenn skulu nota þann öryggisbúnað er HS fer fram á skv. kafla 3 – Reglur um persónuhlífar. Öll vinna í eða nálægt aðveitu- og spennistöðvum og öðrum tæknimannvirkjum sem tilheyra viðhaldi á mannvirkjum skal framkvæma í samráði við og með vitund sérhæfðra verkstjóra er málið varðar. Við allar meiriháttar framkvæmdir í spennistöðvum er æskilegt að taka af allan straum áður en vinna hefst. Við þessa aðgerð vinnst tvennt: öruggari vinnustaður og betri vinnuaðstaða. Einnig skal leitast við að a.m.k. tveir menn vinni ávallt saman við eftirfarandi aðstæður: endurbætur á brunnnum, við heitar leiðslur og þar sem þröngt er, í lokuðum rýmum, á færanlegum vinnupöllum, í stigum og á öðrum stöðum þar sem erfið skilyrði eru. Þá ber að sína fyllstu aðgát við vinnu við trésmíðavélar. Vélar skulu hafa tilskyldar hlífar.



Almenna aðgát og varúð skal viðhafa við öll störf og mikilvægt er að öll verkfæri séu í fullkomnu lagi. Ávallt skal nota þau öryggistæki, sem fyrirtækið leggur til, og mikilvægt er að þau séu ætíð til staðar og í góðu ástandi.

10. ALMENN VINNUVISTFRÆÐI

Vinna við tölvur

Hæð vinnuborðs skal miðast við að hægt sé að sitja með beint bak og slakar axlir þegar unnið er við það. Nægt rými þarf að vera fyrir fætur undir borðinu.



Þegar vinnustóll er valinn skal taka mið af líkamsbyggingu þess sem nota á stólinn og tegund vinnunnar. Það þarf að vera auðvelt að breyta hæð og halla setu og baks meðan setið er í stólnum. Það er á ábyrgð notandans að nýta sér möguleika stólsins og sjá til þess að hann sé ávallt stilltur í samræmi við notandann og þau verkefni sem unnin eru.

Röng staðsetning skjás og lyklaborðs getur valdið óþarfa álagi á herðar, handleggji og úlnliði. Ítarlegar leiðbeiningar um rétta líkamsbeitingu við tölvu og aðra skrifstofuvinnu er hægt að nálgast á vef vinnueftirlitsins www.vinnueftirlit.is.

11. HÚSNÆÐI HS - VIÐBRÖGÐ VIÐ ELDSVOÐA

Þekktu réttu viðbrögðin við eldsvoða. Þekktu staðsetningu slökkvitækja og brunaslangna. Þekktu staðsetningu brunaboða. Þekktu meðferð slökkvitækja. Þekktu flóttaleiðir.

Brunaviðvörðun

Starfsmenn skulu bregðast við brunaviðvörðun í samræmi við rýmingaáætlun. Látið aðra vita um eldinn.

1. Hugaðu að eigin öryggi
2. Bjargaðu fólki
3. Hringdu í 112
4. Yfirgefðu byggingu eða slökktu eld

Verðir þú var/vör við eld skaltu gera öðrum viðvart með brunaboða eða með því að hrópa "eldur". Tilkynntu um eldinn til Neyðarlínu 112 og ef þú telur þig geta ráðið við hann skaltu reyna að slökkva hann með næsta slökkvitæki. Mundu að nota ekki vatnstæki á rafmagnseld, olíueld eða eld í eldfimum vökvum. Ef þú ræður ekki við eldinn yfirgefðu byggingu í samræmi við rýmingaáætlun.

Notið ekki lyftur. Ef reykur er framundan skal önnur leið valin. Þreifid á lokuðum hurðum, ef þær eru heitar skal önnur leið valin. Lokið hurðum að eldi en læsið ekki. Veljið stystu færú leið út úr byggingu. Ef þið lendið í reyk haldið ykkur sem næst gólfi, t.d. með því að skriða. Safnist ekki saman við útgönguleiðir. Látið vita af ykkur þegar þið eruð komin út úr byggingu og verið tiltæk ef frekari upplýsinga er þörf. Farið ekki inn í byggingu aftur fyrr en víst er að slökkvilið hafi ráðið niðurlögum eldsins.


Ef þið komist ekki út, lokið ykkur inn í herbergi fjarri eldinum. Tilkynnið um ykkur með síma (112) ef hægt er og flaggið flik út um glugga. Haldið ró ykkar og biðið björgunar slökkviliðs.

Meðferð slökkvitækja

HS býður reglulega uppá námskeið um meðferð slökkvitækja. Til frekari upprifunar, beindu ekki slökkviefni beint á vökva ef vökvinn er eldfimur. Byrjaðu slökkvistarf við jaðar elds, undan vindi ef við á og rektu eldinn á undan þér með jafnri hliðarhreyfingu. Notaðu einungis það magn af slökkviefni sem þarf til að slökkva eldinn. Geymdu afganginn ef eldur skyldi blossa upp að nýju. Ef hleypt hefur verið af tæki ber að tilkynna það umsjónarmanni slökkvitækja.

Umgengnireglur

1. Öll neysla áfengis og vímuefna er stranglega bönnuð á skilgreindum vinnutíma.
2. Reykingar eru ekki leyfðar í húsakynnum HS nema á skilgreindum svæðum. Yfirmenn aðvara starfsmenn ef þessu er ekki sinnt.
3. Aðgengi að húsakynnum t.d. orkuverum, ferskvatnsbólum og aðveitustöðvum skal takmarkað. Viðkomandi stöðvarstjóri/svæðisstjóri hefur umsjón með aðgangi að orkuverum samkvæmt reglum þar að lútandi.
4. Húsnæði HS á vinnutíma skal ætíð vera lokað að undanskilydum afgreiðslum.



12. VIÐBRÖGÐ VIÐ NÁTTÚRUVÁ

Varðandi almennar öryggisráðstafanir og varnarviðbrögð við náttúruvá vísast í símaskrána og almannavarnir (www.almannavarnir.is).

13. BIFREIÐAR HS

Öryggistæki bifreiða

Skylt er að hafa slökkvitæki og sjúkrakassa í öllum bifreiðum HS. Ákveðnir bílar vatns- og rafmagnsdeildar hafa að auki neðantalinna öryggisbúnað:

Rafmagnsdeild:

- Háspennuhanskar (24 kW)
- Háspennukanna í bifreiðum verkstjóra,
- AVO mælir 0,6 kW í aðrar bifreiðar,
- Kælikrem (gel)

Vatnsdeild:

- Sótthreinsað lak,
- Kælikrem (gel)

Búnað bifreiða skal yfirfara aðminnstakosti einusinni á ári t.d. fyrsta vinnudag hvers árs.

Umgengnisreglur um bifreiðar

1. Einungis þeim, sem hafa tilskilin réttindi, er heimilt að aka bifreiðum HS og er það á ábyrgð viðkomandi verkstjóra.
2. Reykingar eru ekki leyfðar í bifreiðum HS.
3. Læsa skal bifreiðum þegar þær eru yfirgefnar.

14. FJARSKIPTI HS

Notkun fjarskiptabúnaðar er mikilvægur þáttur í starfsemi HS og öryggi starfsmanna.

Mikilvægt er, að starfsmenn, sem hafa fjarskiptabúnað, hafi hann með sér öllum stundum vegna öryggis og noti viðeigandi öryggisbúnað og til að tryggja góða og skjóta þjónustu við viðskiptavinum HS.



15. Áhættumat

Samkvæmt reglugerð 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum ber atvinnurekanda að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað sem á að marka stefnu varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðnum.

Skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað skal fela í sér

1. Sérstakt áhættumat
2. Áætlun um heilsuvernd og forvarnir sem skal fela í sér að gerðar séu úrbætur í samræmi við niðurstöður áhættumatsins.
3. Eftirfylgni að úrbótum loknum

Áhættumat er greining áhættuþátta á vinnustað og mat á líkum á því að starfsmaður verði fyrir heilsutjóni. Með öðrum orðum er um að ræða kerfisbundna athugun á vinnuaðstæðum til þess að finna hvort eitthvað í vinnuumhverfinu, vinnuskipulaginu eða við framkvæmd vinnunnar geti hugsanlega valdið slysum, óhöppum, vanlíðan, meiðslum, álagi eða öðru sem leitt getur til andlegs eða líkamlegs heilsutjóns.

Sjá frekar á www.vinnueftirlit.is



Munið:
Hugið ávallt að eigin öryggi
hvort sem í leik eða starfi



HITAVEITA
SUÐURNESJA HF